

Upplýsingarit fyrir félagsmenn Snarfara

Starfsárið 2016 til 2017



Stjórn

Formaður: Pétur Ó. Einarsson, **Varaformaður:** Róbert Magnússon, **Gjaldkeri:** Guðrún Valtýsdóttir, **Hafnarstjóri:** Kristján Kristjánsson, **Ritari:** Símon Kjærnested

Varastjórn

Jóhannes Valdimarsson, Jamil Allansson, Sigríður Jónsdóttir

Nefndir

Bryggjuformenn *A bryggja* Sigvaldi H. Pétursson (Garpur), *B bryggja* Marel Einarsson (Dimmalimm), *C bryggja* Jón I. Gunnarsson (Ársól).

Fræðslunefnd Guðjón S. Steindórsson (Wild Geese), Kristján M. Gunnarsson (Snælda), Pétur Ó. Einarsson (Marín)

Húsanefnd Eðvarð F. Benediktsson, Ingvi Þór Sigþórsson (Askur), Pétur Ó. Einarsson (Marín), Róbert Magnússon (Leirvík)

Hvammsvíkurnefnd Ásgeir Ásgeirsson (Særós), Hafliði Árnason (Lilja), Jamil Allanson (Jökull), Jón Gunnar (Isis), Kristján Kristjánsson (Neisti).

Skemmtinefnd Eyvindur Jóhannsson (Inga Dís) og öll stjórn Snarfara

Viðeyjar- og Þerneyjarnefnd Guðrún Valtýsdóttir (Kristján), Jóhannes Valdimarsson (Frú Júnía), Símon Kjærnested (Ýmir), Sverrir Tryggvason (Sea Lilly), Örn Sævar Björnsson, (Örn),

Heimasíða Áb. Kristján M. Gunnarsson, til vara Pétur Ó. Einarsson

Tengiliður við Samgöngustofu Guðbergur Birkisson (Evrán)

Upplýsingar um síma og netfang stjórnarmeðlima má finna á heimasíðu félagsins www.snarfari.is og á korktöflu í félagshönnuðum.

Ágæti félagsmaður.

Tilgangur með þessu riti sem afhent er með lykklaskiptum árið 2016 er að upplýsa félagsmenn um starfsemi félagsins og þjónustu. Mikilvægt er að stjórn geti komið áleiðis fréttum og skilaboðum til félagsmanna, oft með skömmum fyrirvara. Ekki er nóg að ná aðeins til hluta félagsmanna heldur markmið að ná til þeirra allra og vekja áhuga og virkja sem flesta til þátttöku í félagsstarfinu og siglingum. Grunnur að slíkum samskiptum er rétt og uppfærð félagaskrá. Stjórn hyggst safna upplýsingum í nýja félagaskrá samhliða lykklaskiptum.

1.1 Nefndir og önnur sjálfboðavinna

Engin hlunnindi fylgja sjálfboðavinnu hjá Snarfara en núverandi stjórn hefur ákveðið að halda svokallað „nefndarkvöld“ einu sinni á ári í janúar fyrir aðalfund. Stjórn Snarfara, fyrir hönd allra félagsmanna þakkar öllu þessu dugmikla fólki sem og öllum öðrum sem koma að sjálfboðavinnu hjá Snarfara í smærri eða stærri verkefnum, kærlega fyrir sitt góða og óeigingjarna starf. Án þeirra væri þetta ekki hægt.

1.2 Stjórn og hlutverk

Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin hefur framkvæmdavald í félaginu, kemur fram fyrir hönd félagsins út á við, annast daglegan rekstur og fjármál og boðar til funda í félaginu. Stjórnin ræður starfsmenn og útnefnir nefndir til að leysa ákveðin verkefni. Stjórnin ákveður í samvinnu við nefndir á vegum félagsins starfssvið nefndanna og fjallar um ákvarðanir teknar af þeim. Stjórnin hefur fundi eftir þörfum og ber að leggja fyrir aðalfund ársskýrslu og endurskoðaða reikninga. Stjórnin er ákvörðunarhæf, þegar formaður eða varaformaður og að auki minnst 2 stjórnarmenn eru viðstaddir. Stjórnarformaður auk tveggja stjórnarmanna skuldbinda félagið með undirskriftum sínum. Eftirfarandi hlunnindi fylgja stjórnarsetu 2016-2017 og byggir á venju fyrri stjórna

- Stjórnarmenn greiða ekki fyrir afnot traktors vegna þjónustu eigin báta.
- Stjórnarmenn taka ekki næturvaktir
- Stjórnarmenn greiða ekki fyrir aðgang að skemmtunum (sinni þeir þjónustu á þeim)

Að öðru leiti greiða stjórnarmenn fyrir aðra þjónustu skv. gjaldskrá og hafa ekki rétt umfram aðra félagsmenn til þjónustu á svæðinu..

1.3 Stjórn og stefna 2016-2017

Snarfari er skemmtibátaklúbbur. Það er meginmarkmið stjórnar félagsins að Snarfari, félag sportbátaeigenda bjóði félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og gestum árið um kring upp á einstaka aðstöðu, félagsleg samskipti, virðisaukandi starfsemi og dagskrá í vingjarnlegu og óformlegu umhverfi. Stjórn Snarfara leggur áherslu á góða þjónustu innan þess ramma sem mögulegt er í sjálfboðavinnu, skilvirkar boðleiðir, skýrar reglur, ábyrga fjármálastjórn, öflugra heimasíðu og að samfélagsleg ábyrgð einkenni félagið.

1.4 Félagar og tölfræði

Meðaldur er 61,3 ár, miðgildi 62 ár. Hágildi er 90 ár, lággildi 32 ár. Í félagið eru skráðar 5 konur, 274 karlar og 36 lögaðilar. Sjö skráningar eru merktar sem „aukafélagi“ og 308 sem „félagi“. Samtals 315 kennitölur. Um 209 bátanöfn eru skráð í skrár félagsins. Um 15% báta eru atvinnubátar, ca. 14% skútur og restin eru mótorbátar af öllum stærðum og gerðum.

1.4.1 Heimasíða

Snarfari.is, er upplýsingasíða félagsmanna. Þar má finna lög og reglur félagsins, fréttir úr starfseminni o.fl. Eru félagsmenn hvattir til að skoða reglulega síðuna og kynna sér innihald hennar.

1.5 Vaktir

Félagsmenn með aðstöðu er skylt að taka tvær næturvaktir á hverju ári. Vaktabók liggur frammi í félagsheimili. Þar skrá félagsmenn vaktaóskir sínar. Vaktirnar eru til að tryggja öryggi eigna einstakra félaga og félagsins í heild. Nokkur misbrestur hefur verið á að félagsmenn taki sínar vaktir jafnvel þó þeir hafi skrifað á sig vakt. Gagnvart öðrum félagsmönnum sem standa sínar vaktir og treysta á þennan öryggisventil er slík hegðun frekar döpur. Vaktasekt kr. 20 þ. er líka betur varið í annað.

1.6 Breytingar á gjaldskrá og hafnarreglum

Í lok mars samþykkti stjórn breytingar á „Hafnarreglum“ sem heita nú „Hafnar-og svæðisreglur“. Á sama tíma voru gerðar breytingar á gjaldskrá. Helsta breyting á hafnar- og svæðisreglum er að bætt var við grein þar sem stendur „*Utanfélagaþátar eru ekki heimilaðir á svæðinu til geymslu, viðgerða eða viðhalds,.....*“ Einnig er þar komið inn á reglur varðandi skemmu o.fl. Helstu breytingar á gjaldskrá eru að rennu-, traktors-og þvottagjald fyrir utanfélagsmenn hækkar úr 5000 kr í 10.000 kr.

Félagsmenn eru beðnir um að kynna sér sérstaklega þessar reglur en þær má finna á heimasíðu Snarfara, www.snarfari.is og á korktöflu í félagsheimili.

2 Félagsheimili, garður og önnur aðstaða

2.1 Félagsheimili úti og inni

Félagsheimili er fyrir félagsmenn og gesti þeirra. Þar er nettengd tölva, kaffi, te og salernisaðstaða. Sjálfsali er væntanlegur í húsið. Þar má kaupa með greiðslukorti, kaffimeðlæti, gos og sælgæti. Ókeypiss netaðgangur er á svæðinu fyrir félagsmenn og gesti. Þar er einnig afþreying eins og sjónvarp, bækur og tímarit, spil og tafl. Gasgrillið og aðstaða sunnan félagsheimilis er til afnota félaga endurgjaldslaust. Eru þeir hvattir til að notfæra sér aðstöðuna og ganga vel frá fyrir þann næsta sem kemur að. Í garðinum eru garðbökkir sem og á palli sunnanmegin sem tilvalið er til notkunar þegar vel viðrar. Sunnan félagsheimilis er einnig aðgengi fyrir fatlaða í húsið og eru félagsmenn beðnir um að teppa ekki aðgengi, hvorki með bátum sínum eða bifreiðum. Félagsheimilið er ekki lánað eða leigt út heldur er það opið félagsmönnum árið um kring.

2.2 Bryggjur og höfn

Eitt af mikilvægustu þáttum í starfsemi Snarfara eru traustar bryggjur. Mikið álag er á þeim, sérstaklega þar sem bátar eru farnir að vera niðri árið um kring. Viðgerðir eru fyrirhugaðar þar sem festingar eru farnar að gefa sig Vinsamlega kynnið ykkur „hafnar og svæðisreglur“, en þar kemur ýmislegt fram sem viðkemur bryggjum félagsins og umgengni. Komi félagsmaður auga á eitthvað sem þarf að færa til betri vegar á bryggju er hann beðin um að koma þeim upplýsingum til viðkomandi bryggjuformanns eða hafnarstjóra.

2.3 Geymsla báta á svæði

Geymsla báta á svæði er fyrir félagsmenn og greiða þeir aðstöðugjöld fyrir hvern bát. Nokkuð hefur borið á því að á svæðið hafi komið bátar sem eru ekki í eigu félagsmanna. Eins er það að félagsmenn eru með fleiri en einn bát á svæðinu en greiði aðeins eitt aðstöðugjald eða bátur í eigu félagsmanns er ekki skráður og greiðir því ekki aðstöðugjald. Oft er erfitt að finna út hverjir eiga

þessa báta. Gerð var gangskör í þessu máli nú í mars/apríl og kom í ljós að það voru um 30 bátar á svæði og í höfn sem ekki voru skráðir og greiddu því ekki gjöld. Félagsmenn vinsamlega athugið að koma ekki með bát á svæðið til geymslu eða í höfn nema að láta stjórn vita.

2.4 Hvammsvíkurbryggja

Snarfari er með aðstöðusamning við eigendur Hvammsvíkur. Lifa sex ár eftir af honum. Þar má finna Hvammsvíkurbryggju. Fyrirhugað er að fara í viðgerðir á henni í vor en hún skemmdist í ofsaveðri fyrir nokkru. Hvammsvík er sælureitur. Rafmagn er aðgengilegt á bryggju og kalt vatn. Félagsfundur í lok apríl mun ákveða framhald aðstöðunnar. Búið er að gera viðgerðar- og kostnaðaráætlun. Ekki er fyrirsjáanlegt annað en að félagsmenn samþykki framkvæmdina. Gæta verður flóðs og fjöru og djúpristir bátar að halda sig utarlega á bryggjunni. Í Hvammsvík eru einnig ból sem leggja má við.

2.5 Viðeyjarbryggja

Skrifað var undir samning við borgaryfirvöld um áframhaldandi veru bryggjunnar 1. apríl síðastliðin. Stefnt er að hún verði komin á sinn stað í maí. Gönguferð um eyna á góðviðrisdegi er einstök upplifun og margt að sjá og skoða. Saga eyjarinnar er merkileg og þess virði að fletta upp á netinu upplýsingum áður en „lagt er í hann“. Gæta verður flóðs og fjöru við bryggjuna og djúpristir bátar ættu ekki að leggjast að henni innarlega.

2.6 Þerneyjarprammi

Pramminn liggur við sunnanverða Þerney. Þar er kolagrill, bekkir og skjólgott að liggja í vari fyrir norðanáttinni og eiga notalegar stundir. Pollar sem eru á bryggjunni liggja nokkuð nálægt kantinum svo að bátar hafa rekist í þá. Stefnt er að því að laga það í maí en þangað til eru félagsmenn beðnir um að fara að gát þegar lagt er við prammann.

2.7 Flatey

Við Flatey í Breiðafirði á félagið ból á einstaklega skemmtilegum stað beint fyrir framan gömlu húsin. Komið hefur í ljós að tæring er komin í lás á keðju og stefnt á að kafa og laga í sumar. Stutt er í land á gúmmítuðrunni og ferð þangað er eitthvað sem félagsmenn ættu að fhuga.

2.8 Innsigling í Snarfarahöfn

Innsiglingin er grunn og mjó og gæta verður að sigla vel í merkjum. Þetta á sérstaklega við um skútur og aðra djúprista báta. Stefnt er að dýpkun í haust skv. upplýsingum frá borgaryfirvöldum.



Innsigling



Ból Flatey

3 Viðburðir árinu 2016-2017

- Hnútakvöld. Föstudagurinn **19 febrúar**.
- Pub quiz. Föstudagurinn **8. apríl**. Skipt í lið. Bjór og léttvín nánast á kostnaðarverði. Barinn opnar kl.19:45 og bjallan glymur í síðustu kaup kl. 23:30. Á hvaða bryggju er allt gáfufólkið? Skráning gegnum snarfari@snarfari.is og á korktöflu í félagsheimili
- Lyklaskipti. Laugardagur og sunnudagur **9/10 apríl**. Nákvæm tímasetning auglýst síðar.
- Félagafundur. Fimmtudagurinn **28. apríl**. Stöðutaka. Byrjar kl. 20:00. Kaffi á eftir.
- Hreinsunardagur. **10, 11 og 12 maí**. (18:00 til ca.21:00). Samlokur fyrir svanga.
- Sjósetningarhátíð. Vorfagnaður laugardaginn **28. maí**. Stjórnin grillar í „liðið“ milli kl. 19:30 og 20:30. Skemmtiatriði. Matur á kostnaðarverði. Bjór og vín með lítilli álagningu. Barinn lokar kl. 23:30. Dagskrá fyrir börn og fjölskyldur um daginn frá kl. 11:00-13:00. Pylsur, ís og gos. Dorgkeppni o.fl. Verðlaun. Skráning gegnum snarfari@snarfari.is og á korktöflu í félagsheimili. Áætlað er að hafa **veiðidag** á sama degi.
- Sjómannadagurinn. Sunnudagurinn **5. júní**. Hópsigling ef veður leyfir og kaffi og meðlæti tilbúið þegar komið er í höfn. Nánar auglýst síðar.
- Bryggjuhátíð. **Júní/júlí**. Dagsetning auglýst síðar.
- Menningarnótt. Laugardagurinn **20. ágúst**. Fylkjum liði allir koppar meðfram Skúlagötu og til baka. Flöggum fána Snarfara á bátum. Kaffi, heitt súkkulaði og vöffur við heimkomu. Leggjum af stað kl. 13:00 og erum komin til baka ca. kl. 15:30. Grillum pylsur fyrir brottför kl. 12:00-12:45. Skráning gegnum netfangið snarfari@snarfari.is og á korktöflu í félagsheimili.
- Uppskeruhátíð. Laugardagurinn **17.september**. Félagafundur kl. 18:00. Stöðutaka. Í framhaldi gott partý fyrir félagsmenn. Fiskisúpa aldarinnar eða annað góðgæti. Bjór og léttvín nánast á kostnaðarverði. Barinn opnar eftir fund og bjallan glymur í síðustu kaup kl. 23:30
- Félagsvist. Fimmtudagurinn **20. október** Byrjar kl. 19:45. Veitingar. Verðlaun. Verð 500 kr. á spilara. Skráning gegnum snarfari@snarfari.is og á korktöflu í félagsheimili.
- Pub quiz. Föstudagurinn **25. nóvember**. Skipt í lið. Bjór og léttvín nánast á kostnaðarverði. Barinn opnar kl.19:45. Bjallan glymur í síðustu kaup kl. 23:30. Eru skútufólk gáfaðast? Skráning gegnum snarfari.is og á korktöflu í félagsheimili.
- Hnútakvöld. Föstudagurinn **16.des**. Kynning á jólabjór nánast á kostnaðarverði. Endurhnýtum vinabönd. Barinn opnar kl.19:45 og bjallan glymur í síðustu kaup kl. 23:30.
- Skötuveisla. **Desember**. Dagsetning kynnt síðar. Skráning gegnum snarfari@snarfari.is og á korktöflu í félagsheimili
- Þorrablót. Laugardagur **21.janúar**. Þorrabjórinn kynntur, þorramatur. Barinn opnar kl. 19:45 og bjallan glymur í síðustu kaup kl. 23:30. Skráning gegnum snarfari@snarfari.is og á korktöflu í félagsheimili
- Nefndarkvöld. **Janúar**. Fyrir þá sem starfa í nefndum félagsins.
- Aðalfundur. Fimmtudagurinn **27. janúar** 2017. Með hefðbundnu sniði. Ný stjórn tekur við.



Bryggja. Hvammsvík í Kjós



Perneyjarprammi

- A Abryggja
- B Bbryggja
- C Cbryggja
- D Félagsheimili
- E Ruslagámur
- F Skemma
- G Rafgeymar
- H Gámur gúmmibátar
- I Spilliefni
- J Þjónustubryggja
- K Olúbryggja



Aðstöðumynd-Svæði Snarfara